

2. mál Skipan yfirkjörstjórnar vegna borgarstjórnarkosninga 29. maí nk.

Forseti: Þá er tekið fyrir næsta mál á dagskrá sem er skipan yfirkjörstjórnar vegna borgarstjórnarkosninganna 29. maí nk. sbr. 11. lið fundargerðar borgarráðs frá 4. mars sl. Var frestað á fundi borgarstjórnar 16. mars og tillagan um skipan yfirkjörstjórnar er þannig:

Sem aðalmenn: Kristín Edwald, Þuríður Jónsdóttir, Katrín Theódórsdóttir. Til vara: Heimir Örn Herbertsson, Guðrún Alda Elísdóttir og Eva Bryndís Helgadóttir. Þeir sem samþykkja þá tillögu sem ég hef lesið upp gefið merki. Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, 15 atkvæðum.